

Nd.

470. Frumvarp

til laga um kaup landsstjórnarinnar á sild.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Af sild þeirri, er innlendir menn veiða hjer við land á tímabilinu frá 15. júlí til 15. september 1918, heimilast landsstjórninni að kaupa 100 þúsund áfylltar tonnur á tilteknum höfnum með ákvæðisverði og þeim skilmálum, er lög þessi að öðru leyti ákveða.

2. gr.

Sildin skal keypt því ákvæðisverði, er hjer greinir:

Fyrri 50000 tonnurnar á 75 aura hvert kg. og síðari 50000 tonnurnar á 45 aura hvert kg.

Skilyrðin fyrir kaupunum eru þessi:

- a. að seljandi hafi fulla ábyrgð á sildinni þangað til hún er tekin á viðkomandi höfn, haldi henni við með þæklun og hafi fulla umsjón með henni, alt án endurgjalds, til ársloka 1918. Eftir þann tíma er sildin á ábyrgð kaupanda, en seljendur eru skyldir til að hafa á höndum umsjón og viðhald sildarinnar, gegn borgun eftir reikningi, er stjórnin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi til ókeypis.
- b. að seljendur annist á eigin kostnað útskipun á sildinni og greiði útflutningsgjald af henni að lögum.
- c. að sildin sje metin og vegin, svo sem lög standa til, á kostnað seljanda.

3. gr.

Sildin sje keypt á þessum stöðum: Seyðisfirði, Eyjafirði, Siglufirði, Reykjarfirði, Önundarfirði og Ísafjarðarkaupstað. Enn fremur getur landsstjórnin gert kaupin á fleiri höfnum, ef það veldur eigi sjerstökum erfiðleikum eða aukakostnaði, t. d. Eskifirði, Álftafirði og Ingólfsfirði.

4. gr.

Sildin skal keypt af hinum ýmsu frambjóðendum í rjettum hlutföllum við tunnueign þeirra, eins og hún var hjer á landi 1. júní þ. á.

Þegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda í sölunni, koma — auk framleiðenda — þeir einir sildarkaupendur til greina, sem hafa greitt minst 20 krónur fyrir máltunnu nýrrar sildar.

5. gr.

Fyrir 15. júlí 1918 skulu menn hafa sagt til um það, hvort þeir óski að nota þann rjett til sildarsölu, sem þeim er veittur með lögum þessum, og hve miklar tunnubirgðir þeir hafa átt hjer á landi 1. júní þ. á.

Fyrir sama tíma setur landsstjórnin og auglýsir nánari reglur um framkvæmd laga þessara og skilyrði gagnvart seljendum, svo sem henni þykir nauðsyn til.

6. gr.

Verð sildarinnar greiðist seljendum hlutfallslega eftir tunnutali því, sem kaup eru gerð á, jafnótt og landsstjórnin hefir fengið verð fyrir sild, er hún selur út. Nú hefir hún eigi fengið inn í lok októbermánaðar svo mikið, að nemi þriðjungi innkaupsverðs, og skal eigi að siður greiða seljendum þriðjung verðsins að fullu, annan þriðjung fyrir árslok og þann síðasta fyrir lok marsmánaðar 1919.

7. gr.

Nú verður að lokum, þá er landsstjórnin hefir komið í verð allri þeirri sild, er hún hefir keypt samkv. 1. gr., hagnaður af sildarkaupunum, eftir að dreginn er frá kostnaður og vaxtatap, og ákveður þá næsta Alþingi, hvernig þeim hagnaði skuli varið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.